

Víkurlax ehf  
Byggðavegi 111  
600 Akureyri

Reykjavík, 2. ágúst 2019  
UST201901-271/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 25.06. 2019, hjá Víkurlaxi**

Þann 25. júní sl. fór fram eftirlit í Víkurlax, Ystu-Vík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi. Starfsleyfi stöðvarinnar rann út 10. janúar sl. og ekki hefur verið sótt um nýtt leyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. ágúst, 2019.

Virðingarfyllt

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Víkurlax	25.6.19	Ystu-Vík	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
510394-2759	10.01.19	Já	Landeldi allt að 20 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðsla ársins 2018 var 14 tonn, framleiðir yfirleitt um eða undir 15 tonnum á ársgrundvelli. Starfsleyfi vegna eldis allt að 20 tonnum á ársgrundvelli rann út 10.1.19 og ekki hefur verið sótt um nýtt leyfi.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar hafa verið bættar frá seinasta eftirliti.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**

**Landeldi**

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Framvísað í eftirliti.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Vantar uppfærslu neyðaráætlunar m.t.t. samnings við móttökuaðila vegna dauðfisks við neyðarslátrun.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Handfóðrað eftir því hvernig fiskurinn tekur, minna yfir kaldari mánuðina.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Reiknað út frá fódurnotkun og framleiðslu ársins 2018. 3,7 kg fosfór/tonn og 41 kg köfnunarefni/tonn.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Gott ástand, ekki sjáanlegt set eða útfellingar, olía eða froða. Engin hitauppgufun, lykt eða sjáanlegur fiskur í frárennslis.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			Frárennslis frá 5 kerjum og 2 minni tjörnum rennur í stóra tjörn, óeiginleg settjörn, þar eru um 400 g fiskar. Ristar eru úr öllum kerjum og á milli tjarna. Úr stærstu tjörninni fer frárennslis í gegnum sigti á tveimur stöðum áður en það rennur út í sjó.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Kerin standa um 20-50 m frá sjó og vatnið rennur um 20 metra úr seinustu tjörninni út í sjó.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Gámaþjónusta Norðurlands tekur við dauðfiski og almennum úrgangi/plasti sem fellur til í gám á staðnum. Kvittunum var framvísað.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Starfsleyfi kvað ekki á um umhverfsvöktun.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			pH, NH <sub>3</sub> og svifagnir voru mældar í desember 2018.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	Engar mælingar enn áætlaðar. Sýni mældi 2018.

<b>Niðurstöður síðasta eftirlits:</b>	
Fjögur frávík komu fram við eftirlit er varða að skráningum var ábótavant, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun voru ekki til staðar, niðurstöður mælinga höfðu ekki borist eftirlitsaðila og afrit af tryggingaskírteini v. bráðamengunar hafs- og stranda vantaði.	
<b>Samantekt:</b>	Lítill stöð sem elur regnbogasilung. Seiðin koma 10 g að þyngd frá Laxamýri. Árs umfang er um 15 tonn.  Sjálfrænsli er á eldisvatni bæði úr lind og nálægri á. Lindarvatninu er deilt niður á ker að vetri til til að forðast kraba. Engin önnur hitastýring er á vatninu. Engin olía er því á svæðinu því ekki er þörf á ljósavél. Engin lyf né önnur spilliefni eru notuð á svæðinu.  Búnaður er eldiskerja er gamall og hluti fisks er alinn í tjörnum.  Lítill vinnsla er á staðnum og reykkofi sem hefur leyfi frá MAST.
<b>Annað:</b>	Einnig voru viðstödd eftirlitið Frigg Thorlacius frá UST og Alfreð Schiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Undirskrift eftirlitsmanns:

*Hulda S. Jónasdóttir*



# EFTIRLITSSKÝRSLA

Víkurlax Ystuvík, Grítubakkahreppi



Dags eftirlits	25.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Víkurlax	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Byggðavegi 111	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	510394-2759	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Blöndal	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram er varðar rekstur án starfsleyfis. Tvær ábendingar eru gerðar er varða afstöðumynd og búnað stöðvar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit

### Lýsing á frávik

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi. Starfsleyfi stöðvarinnar rann út 10. janúar sl. og ekki hefur verið sótt um nýtt leyfi.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að senda afstöðumynd af stöðinni hið fyrsta til stofnunarinnar.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að búnaður stöðvar er gamall og skv. samræmdum starfsleyfissskilyrðum fyrir fiskeldi á landi skal beita bestu fáanlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins og fylgjast skal með ástandi eldisbúnaðar.

## ANNAÐ

Viðstaddur eftirlitið var Alfreð Schiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.08.2019

  
Hulda Soffía Jónasdóttir